



TILLAGA

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Fulltrúi Flokks fólksins

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um fundarröð með helstu hagsmunasamtökum minnihlutahópa:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð fari í fundarröð með helstu hagsmunasamtökum minnihlutahópa til að heyra frá fyrstu hendi hvað brennur á þeim. Lagt er til að fundað verði með Öryrkjabandalagi Íslands ÖBI, Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni FEB, Þroskahjálp og Geðhjálp sem og fleiri félögum sem eru aðildarfélög t.d. að ÖBI. MSS23010140